

LÍF OG HEIMUR

I

Merkilegasta nýungin í stjörnufræði, sem ég hefi séð getið um nú um hríð, virðist mér vera sú, að næsti nágranni vetrarbrautar vorrar í himingeimnum, stjörnuþokan í Andromedu (M. 31) er miklu stærri en haldið hefir verið, eða álika stór og vetrarbrautin. En í henni telja menn nú vera 100—200.000 milljónir sólna. Fjarlægð Andromeduþokunnar frá oss er talin nálægt 1 milljón ljósára, en fjarlægðin til sólarinnar er rúmlega 8 ljósmínútur, og til næstu sólna 4 ljósár. Fjarlægustu stjörnuþokurnar eða vetrarbrautirnar, sem tæki stjörnufræðinganna hafa nú náð til, hyggja menn vera í meir en 200 milljóna ljósára fjarlægð. Hvað slíkar fjarlægðir þýða, má nokkuð marka af því, að á örsmáum bletti af himninum hafa menn talið slíkar vetrarbrautir svo þúsundum skiptir. Ég minnist þess að hafa í einhverri stjörnufræði séð komist að orði á þá leið, að í rauninni komi þetta oss ekkert við. En slikt er mikill misskilningur, og vitanlega í ætt við það, að ætla að taka framhald lífs vors hér á jörðu út úr efnisheiminum og láta það vera í einhverju óskiljanlegum andaheimi. Framhald lífsins eftir dauðann, eða framlífið, eins og ég hefnt það, er alveg eins efnistengt og náttúrufræðilegt og líf vort er hér á jörðu.

II

Lundúnablaðið „Light“ birtir 21. apríl (1938) ritgerð eftir stærðfræðinginn Albert Eagle, sem heitir Modern Scientific Thought and Survival (Vísindaleg hugsun nútímans og líf eftir dauðann). Vísindamaður þessi virðist líta svo á, sem sannanir séu fengnar fyrir því, að maðurinn lifi þótt hann deyi, en telur þó sjálfsagt, að þar sé ekki um neitt líf í efnis-

heimi að ræða. Af því leiðir, að hann hyggur að náttúrufræðin og þó einkum jarðfræðin og framvindusaga lífsins á jörðinni veiti oss litla hjálp eða enga til skilnings á þessum efnum. Fremur virðist þó mega komast svo að orði um stærðfræðina, úr því að háskólakennari í stærðfræði eins og Mr. Eagle, sem hefir þó skilið, að hinir svonefndu anda-hyggjumenn (spiritualists) hafa rétt fyrir sér um ýmsar mjög vífengdar staðreyndir, skuli geta verið svona alsannfærður um, að framhald lífsins sé ekki líf í efnisheimi. En þýðing jarðfræðinnar fyrir heimspekina og heimslíffræðina má þegar marka nokkuð af því, að það skuli einmitt vera jarðfræðingur, sem hér á jörðu hefir fyrstur komist eindregið á náttúrufræðileiðina í þessum efnum. En sá sem áður hafði þar verið helsti brautryðjandinn, hinn ágæti Svíi Emanuel Swedenborg, var einnig jarðfræðingur og hafði mikinn hluta ævi sinnar við þau efni fengist, sem til jarðfræði og annarrar náttúrufræði verður að telja. Það er líka í augum uppi, að jarðfræðin hlýtur að leiða til umhugsunar um uppruna lífsins hér á jörðinni, tilgang þess og framtíð. Og þegar vér hugleiðum, hversu örsmáar og einfaldar að gerð voru þær verur, sem lífið hefir hafist af hér á jörðu fyrir milljónum alda, þá hlýtur það að greiða fyrir skilningi á því, að slíkt líf muni fyrir sér geta átt mikla framtíð. En ef vér tökum framtíð einstaklingslífsins út úr efnisheiminum, þá vantar bersýnilega alla undirstöðu til að byggja skilning á, eins og greinilega má marka af því, hversu framfarirnar í þeim efnum hafa verið lítilfjörlegar, þrátt fyrir alla viðleitni mannkynsins í þá átt um þúsundir ára.

III

Þá kemur þýðing náttúrufræðinnar fyrir þessi efni einnig vel í ljós, ef vér hugleiðum, hvernig jurt, dýr, maður er til orðið, þannig að þúsundir milljóna af örsmáum lífögnum, sem svara til fyrstlings lífsins á jörðinni, hafa lagt saman í að byggja upp lífheild. Við þessa sameiningu hefir lífið aukist alveg ótrúlega í vitátt og máttar, og er furðulegt til þess að hugsa, að slíkir möguleikar skyldu leynast með

hinum örsmáu lífögnum frumhafsins. En þó að mikið hafi áunnist, þá er það samt ljóst að það er einungis örskammur spölur af óralangri leið, sem farinn hefir verið. Og mikilleiki heimsins getur þar verið oss nokkurskonar mælikvarði. Því að glöggjt má skilja, að þessari sameiningar- og samtakaviðleitni, sem hér hefir verið drepið á, er haldið áfram, og að því stefnt, eða á að stefna, að allt líf í alheimi verði samstillað heild. En tökin á hinum furðulegu möguleikum þessa mikla heims því meiri, sem þessi samstilling tekst betur. Það er þessi heimspeki, sem ég hefi nefnt Hýperzóismus. Ég hefi ekki getað orðið þess var, að glöggur skilningur á þessum tilgangi lífsins hafi komið fram í nokkurri heimspeki eða nokkrum trúarbrögðum, enda eí það, að uppgötva samband lífsins á hinum ýmsu stjörnum, eða sigur lífsins á fjarlægðum himingeimsins, nauðsynleg undirstaða í þessum efnunum. Oss verður þá ljóst, hversu vér hér á jörðu, erum á útjaðri lífheims, og hversu dauði og aldurhnignun er afleiðing af því, að lífið á slíkum stað er aðeins fyrsta tilraun, sem ekki er farin að takast ennþá.

Vér skiljum fullkomlega af hverjum rótum er runnin sú trú, að bjarga þurfi og bjarga megi lífinu hér á jörðu. En það verður, þegar menn fara að skilja, hversu tilgangur lífsins er sköpun heimsins til fullkomnunar, lífið aðferð hins óendenlega kraftar, sem er upphaf alls, til að ná fullkomnum tökum á öllum möguleikum efnisins og eyða allri ófullkomnun. Mannkyn, sem farið er að aðhyllast Hýperzóismann — fræðin um alfremd lífsins í alheimi — gerir sér allt far um að forðast með öllu ósamlyndi, deilur og ófrið, en ástundar umfram allt, og með sífellt vaxandi árangri, hvernig takast megi að gera jörð sína að sífellt fullkomnari gróðrarstöð og heimkynni lífsins, og þá um leið, og með því, að hún verði sífellt fullkomnari sambandsstöð lífsins í alheimi.